

***BORGARRÁÐ 29. október 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur vegna ritunar fundargerða hjá fyrirtækjum í eigu borgarinnar - R20100401***

Fulltrúi Flokks fólksins kallar eftir hvort ekki séu til einhverjar reglur um fundargerðir, viðmið sem fyrirtækjum í eignum borgarinnar er ætlað að fylgja þegar kemur að fundargerðum? Fundargerðir SORPU eru að vera æ rýrari svo erfitt er að átta sig á innihaldi umræðunnar. Stikkorðastíllinn er að verða knappari. Dæmi um fundargerð sem lögð er fram í borgarráð 29.10. er: Liður 1: Staða og horfur í rekstri. Liður 2: Áætlun 2021. Liður 3: Önnur mál. Liður 4: Næsti fundur. Fundi slitið. Þetta er nú allt og sumt sem öðrum, þ.m.t. eigendum fyrirtækisins og minnihlutafulltrúum er ætlað að vita eftir þennan fund. Fundargerðir eru tæki til að miðla upplýsingum, því ekki að nota það tæki betur? Miklu fé var varið í Ráðgjafafyrirtækið Strategíu sem átti að vinna leiðir til að auka aðkomu eigenda að byggðasamlagsfyrirtækjum. Lítið af þeirra ráðleggingum virðist hafa skilað sér inn í stjórn SORPU.